

TLF 11000/200 fyrir Brunavarnir Skagafjarðar

Þessi slökkvibifreið (Renault 420.26 6x6) er væntanleg til landsins í mars/apríl 2006. Vél 412 hestöfl, 11.000 l. vatnstankur, 200 l. froðutankur, sjálfstæð froðukerfi, 4000 l. brunadæla há og lágþrýst. Inntak á dælu 2 x 5". Tveggja til þriggja manna áhafnarhús. 10 hjól 26 tonn.



Ætlunin er að koma fyrir lausri 1.600 l. brunadælu í fremri skápinn þess vegna er hann gegnumgangandi. Fyrir neðan er pláss fyrir rafstöð. Skápurinn þar við hliðana er fyrir 10" úttak úr tanki.



Annar skápurinn að neðanverðu hérna megin er laus fyrir búnað en hinn fer í pláss fyrir olútank. Úttak fyrir úðabyssu á þaki og eins má sjá festingar fyrir barka. Fremsti skápurinn nýtist fyrir meira en bara dæluna.